



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VESTUR UM HAF

26. FEBRÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 fimmtudaginn 28. febrúar og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Anna Þorvaldsdóttir: 13'00"

Grieg: 29'00"

Hlynur Aðils: 10'00"

Sibelius: 50'00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

VESTUR UM HAF

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. FEBRÚAR 2013 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Garrick Ohlsson einleikari

Anna Þorvaldsdóttir

AERIALITY (2011)

Edvard Grieg

Píanókonsert í a-moll, op. 16 (1868)

I. Allegro molto moderato

II. Adagio

III. Allegro moderato molto e marcato

Hlé

Hlynur Aðils Vilmarsson

bd (2013, frumflutningur)

Jean Sibelius

Lemminkäinen-svíta, op. 22 (1895-7)

I. Lemminkäinen og meyjarnar frá Saari

II. Svanurinn frá Tuonela

III. Lemminkäinen í Tuonela

IV. Lemminkäinen snýr aftur



Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri

Ilan Volkov aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.

Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov hefur einnig stjórnað fjölda ópera.

Ilan Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut til að mynda Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af tónverkum Benjamins Britten.

Garrick Ohlsson

einleikari



Bandaríski píanóleikarinn Garrick Ohlsson (f. 1948) hefur um árabíl verið meðal eftirsóttustu píanóleikara Bandaríkjanna. Árið 1966 vann Ohlsson til fyrstu verðlauna í Busoni-píanókeppninni sem vakti vitaskuld athygli á hinum unga og upprennandi píanóleikara. Segja má þó að fyrstu verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1970 hafi orðið til þess að festa Ohlsson í sessi meðal fremstu píanóleikara Bandaríkjanna.

Ohlsson fæddist í New York-ríki og hóf um átta ára aldur að nema píanóleik. Er hann var 13 ára fékk hann inngöngu í hinn virta Julliard tónlistarskóla í New York. Á meðal kennara hans voru þau Claudio Arrau, Olga Barabini, Tom Lishman, Sascha Gorodnitzki, Rosina Lhévinne og Irma Wolpe.

Listi yfir verk sem Ohlsson hefur á takteinum er ansi yfirgrípsmikill og spannar allt frá tónlist barokktímans til 20. aldarinnar. Hann er þó einkum þekktur fyrir túlkun sína á verkum eftir Chopin, Mozart, Beethoven og Schubert. Allt frá því að Ohlsson bar sigur úr bítum í Chopin-keppninni hefur hann verið eftirsóttur sem einleikari með sinfóníuhljómsveitum víða um heim en einnig sem kammertónlistarmaður og einleikari.

Ohlsson hefur hljóðritað fjöldann allan af geislaplötum sem jafnan hafa fengið frábæra dóma, meðal annars Grammy-verðlaun árið 2008 þar sem Ohlsson lék píanósónötur Beethovens.



Anna Þorvaldsdóttir

AERIALITY

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) hefur á undanförunum árum vakið verðskuldaða athygli fyrir tónsmíðar sínar. Hún nam tónsmíðar við Listaháskóla Íslands og við University of California í San Diego þaðan sem hún lauk doktorsnámi í tónsmíðum árið 2011. Tónverk Önnu hafa verið flutt víða og hlotið margvíslegar viðurkenningar. Verk hennar *Hrím* var útnefnt tónverk ársins árið 2011 á Íslensku tónlistarverðlaununum og árið 2012 hlaut Anna tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt *Dreymi*, fyrst íslenskra kvenna.


Verkið AERIALITY var samið fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumflutt á tónleikum í nóvember árið 2011 undir stjórn Ilans Volkov. Tónskáldið lýsir verki sínu á eftirfarandi hátt:

„AERIALITY dansar á mörkum hljómsveitartónlistar og hljóðlistar, en í verkinu fléttast saman lagræn tónefni og þykkir hljóðmassar. Að hluta til samanstendur verkið af þykkum hljómmum þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar renna saman í eitt og mynda margradda hljóðvegg. Krómatískir hljómar eru stækkaðir með notkun kvarttóna til að skapa þetta hljóðáferð – mörkin á milli einstakra hljóðfæra verða óljós og hljómsveitin verður að þéttum massa. Þessi hljóðheimur kallast á við flæðandi efni þar sem smærri hljóðfærasamsetningar taka sig saman með tónefni sem ferðast á milli eininga innan hljómsveitarinnar. Við hápunkt verksins byggist upp breiður og óræður hljóðmassi, sem síðan leysist upp í stutta lagræna hugleiðingu sem blómstrar í skamma stund og skilur eftir sig skuggann af sjálfri sér.

Orðið AERIALITY vísar til þess að vera í lausu lofti, án haldreipis, og þannig bæði til frelsis og óróleika. Þá vísar orðið einnig til þeirrar yfirsýnar sem fæst úr lofti en ekki frá jörðu. Titill verksins er ennfremur orðaleikur þar sem orðunum *aerial* og *reality* er blandað saman til að skapa andstæður; *reality* ber tilvísun í jörð, hið raunverulega, og *aerial* í himinn, eða hið ósnertanlega.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

AERIALITY var frumflutt þann
24. nóvember 2011 af
Sinfóníuhljómsveit Íslands
undir stjórn Ilans Volkov.



Edvard Grieg

Píanókonsert í a moll, op. 16

Norska tónskáldið Edvard Grieg (1843-1907) hóf feril sinn sem píanóleikari og þótti ríkum tónlistargáfum gæddur. Grieg átti ekki langt að sækja hæfileika sína en móðir hans var ágætur píanóleikari og kenndi syni sínum frá 6 ára að aldri. Er Grieg var 15 ára gamall var afráðið að hann skyldi halda utan til frekara náms og að ráði tónskáldsins og fiðluleikarans Ole Bull, sem var fjölskylduvinnur, hélt Grieg til Leipzig þar sem hann nam við tónlistarháskólann.

Rómantíska tímabil tónlistarsögunnar var í hámarki og andi Schumanns, Mendelssohns og annarra tónskálda sveif yfir vötnum. Fyrstu tónverk Griegs bera þess skýr merki. Þegar Grieg sneri aftur heim til Noregs varð viðsnúningur á tónsmíðastíl hans. Grieg ólst upp á millistéttarheimili og þekkti í raun lítið til alþýðutónlistar í Noregi. Nú tókust kynni með honum, Ole Bull og ungu tónskáldi sem hét Rikard Nordraak. Bull og Nordraak voru þeirrar skoðunar að norsk tónskáld skyldu gefa tónlistararfi þjóðar sinnar gaum og reyna að skapa norskan tónsmíðastíl. Grieg heillaðist af þessari hugmyndafræði sem á sér reyndar hliðstæður víða í Evrópu.

Píanókonsertinn í a-moll frá árinu 1868 er fyrsta stóra tónsmíðin þar sem Grieg sækir innblástur í norska alþýðutónlist. Konsertinn sló í gegn strax við frumflutning og hefur allar götur síðan verið langvinsælasta tónverk Griegs. Þrátt fyrir norsku áhrifin er þessi eini konsert sem Grieg samdi einnig afar rómantískur að gerð. Hann kallast að mörgu leyti á við píanókonsert Schumanns frá árinu 1840 en báðir eru konsertarnir í a-moll og upphaf beggja er ansi bratt. Konsert Griegs er í hefðbundnu formi, hratt-hægt-hratt, og lýrisk náðargáfa Griegs nýtur sín til fulls.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið Píanókonsert Griegs um 20 sinnum á tónleikum, fyrst í Þjóðleikhúsinu árið 1951. Þá lék Árni Kristjánsson einleik, en meðal annarra sólista má nefna Evu Knardahl (1972), Emil Gilels (1978) og Leif Ove Andsnes (1993). Ilana Vered lék einleik í verkinu í fyrstu tónleikaferð hljómsveitarinnar til Bandaríkjanna í febrúar 1996, meðal annars á tónleikum í Carnegie Hall. Síðast lék Víkingur Heiðar Ólafsson konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu í maí 2011 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.

Hlynur Aðils Vilmarsson

bd

Hlynur Aðils Vilmarsson lagði stund á tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og raf- og tölvutónlist við Tónlistarskóla Kópavogs á árunum 1997-2000. Kennarar hans voru Atli Heimir Sveinsson, Þorkell Sigurbjörnsson, Hilmar Þórðarson og Ríkharður H. Friðriksson. Tónlist Hlyns hef verið flutt í Bandaríkjunum, Asíu og Evrópu af hópum á borð við Kammarsamblen, Njútón kammerhópnum, Uusinta kammersveitinni, Brodsky-strengjakvartettinum, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Norsku útvarpshljómsveitinni.

Hlynur var í forsvari fyrir UNM (Ung Nordisk Musik) tónlistarháttíðina á árunum 2000-2007 og er einn af stofnendum Reykjavík Media Lab og eins er hann meðlimur í tónskáldahópnum S.L.Á.T.U.R. (Samtök listrænt ágengra tónskálda umhverfis Reykjavík).

Verk hans *bd* var samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna tónleikaferðar hljómsveitarinnar til Washington.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Á Myrkum músíkdögum í
janúar 2010 var verkið 48K
eftir Hlyn Aðils Vilmarsson
frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands
undir stjórn Francks Ollu.



Jean Sibelius

Lemminkäinen-svíta, op. 22

Finnska tónskáldið Jean Sibelius (1865-1957) er vafalítið þekktastur fyrir fiðlukonsertinn og símfóniurnar sem eru sjö að tölu. Eftir hann liggur þó mikið magn tónlistar af ýmsum toga, þar á meðal mörg tónaljóð fyrir hljómsveit, en það er form sem var Sibeliusi hugleikið. Finnland laut rússneskri stjórn í rúma öld, frá 1809 og til 1917, þegar Finnar lýstu yfir sjálfstæði. Á meðan á þessum rússneska tíma í sögu landsins stóð varð í Finnlandi mikil vitundarvakning á finnskri sögu og arfleifð. *Kalevala* sagnabálkurinn varð miðlægur í viðleitni Finna til að skilgreina sögu þjóðarinnar. *Kalevala* varð mörgum listamanninum uppspretta innblásturs og á það einnig við um Sibelius.

Árið 1895 stóð Sibelius á þrítugu, hann hafði þegar skapað sér nafn með hinni risavöxnu símfóníu *Kullervo* frá árinu 1892 og framtíðin var björt. Hugur hans leitaði á mið óperuformsins og hugðist hann semja óperu í anda Wagners, innblásna af textum úr *Kalevala*. Sibelius hófst handa við verkið en hvarf frá þeirri ætlan sinni að gera óperu og úr varð að fjögur tónaljóð mynduðu svítu sem upp á íslensku er nefnd *Lemminkäinen-svítan* en enska nafnið útleggst sem *Godsagnirnar fjórar*.

Viðfangsefnið er ein af persónum *Kalevala*, sem sagt er frá í 26. kviðu, hinn hugdjarfi Lemminkäinen sem á sér hliðstæður í Don Juan og Siegfried.

Sibelius málar í tónum fjögur af ævintýrum Lemminkäinens. Þetta eru ólíkar frásagnir og tónaljóðin eru innbyrðis ólík. Andrúmsloftið er ýmist ástleitið, lævi blandið, hjart, dökkt, angurvært eða glaðlynt. Tónaljóðin eiga þó öll sameiginlegt að handbragð Sibeliusar er auðheyr.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Lemminkäinen hefur nokkrum sinnum hljómað í flutningi Símfóníuhljómsveitar Íslands, í heild sinni eða sem stök tónaljóð og hefur Svanurinn frá Tuonela oftast heyrst á tónleikum. Símfóníuhljómsveitin hljóðritaði Lemminkäinen-svítuna fyrir NAXOS útgáfufyrirtækið undir stjórn Petris Sakari árið 1999 og hlaut frábæra dóma fyrir flutning sinn á verkinu.

Hljómsveit á tónleikum

26. febrúar 2013

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Margrét Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júliana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Guðmundsdóttir
Lin Wei
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Mark Reedman
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Sinfónían leikur í Kennedy Center



Sinfóníuhljómsveit Íslands er boðið á norrænu menningarhátíðina Nordic Cool sem Kennedy Center í Washington DC. stendur fyrir. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru á dagskrá hátíðarinnar í Kennedy Center 4. mars undir stjórn Ilans Volkov aðalhljómsveitarstjóra SÍ þar sem ævintýrið um Maxímús Músíkús verður flutt og efnisskráin Vestur um haf.

Nordic Cool 2013, stærsta norræna menningarhátíðin, sem haldin hefur verið utan Norðurlandanna verður sett í Kennedy Center í Washington þriðjudaginn 19. febrúar og stendur til 17. mars. Rúmlega 700 listamenn frá öllum Norðurlöndunum auk fjölda matreiðslumanna munu taka þátt í hátíðinni.

Kennedy Center í Washington ber ábyrgð á vali dagskrárliða og listamanna og sér um framkvæmd hátíðarinnar. Til að auka breiddina í dagskránni var ákveðið að hafa einnig umræður og kynningar á grunngildum og stjórnámálum á Norðurlöndum, t.d. um norrænt jafnrétti, sjálfbæra velferð og grænan hagvöxt.

Kennedy Center er ein virtasta og öflugasta menningarstofnun Bandaríkjanna og þar eru leikhús, tónleikasalir og danssvið, sem henta stórum og smáum viðburðum. Höfuðáhersla hátíðarinnar verður á tónlist, leiklist og dans. Á göngum og í ýmsum rýmum hússins verður komið fyrir norrænni myndlist, norrænni hönnunarsýningu og aðstaða verður fyrir tölvuleiki og ýmsa fræðslu fyrir börn, sem Kennedy Center leggur mikla áherslu á. Einnig verða á hátíðinni sýndar norrænar kvikmyndir og bókmenntir Norðurlandanna kynntar með margvíslegum hætti. Á veitingastöðum hússins munu matreiðslumenn frá Norðurlöndunum kynna matarmenningu heimalanda sinna.

Fulltrúar Íslands auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru meðal annarra: Íslenski dansflokkurinn, leikhópurinn Vesturport, Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, hljómsveit Sunnu Gunnlaugsdóttur djasspíanóleikara, Rúrí og Duo Harpverk.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Einar Jóhannesson og fjórir klarínettukonsertar



Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Á nýjum hljómdisk flytur Einar Jóhannesson, einn fremsti einleikari landsins, fjóra klarínettukonserta með Sinfóníuhljómsveitinni eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal. Hljómdiskurinn er hluti af útgáfuröð með helstu einleikurum úr röðum hljómsveitarinnar og fæst hjá 12 Tónum í Hörpu og víðar.

Diskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 í flokki klassískrar og samtímatónlistar. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Einar Jóhannesson eru einnig tilnefnd sem flytjandi ársins í sama flokki.

